

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Súðavíkurhrepps 1999-2018, verslunar- og þjónustusvæði, skógræktarsvæði og frístundabyggð í Heydal, í landi Hests og landi Hlíðar.

Skipulagsstofnun staðfesti þann 21. ágúst 2012 breytingu á aðalskipulagi Súðavíkurhrepps 1999-2018, sem samþykkt var í sveitarstjórn Súðavíkurhrepps þann 21. júní 2012. Niðurstaða sveitarstjórnar var auglýst 17. ágúst 2012.

Í breytingunni felst að í Heydal er skilgreint 10 ha verslunar- og þjónustusvæði í þágu ferðamanna. Í landi Hests í Hestfirði er skilgreint svæði fyrir frístundabyggð fyrir allt að 10 frístundahús og skógræktarsvæði. Frístundabyggð og skógræktarsvæði í landi Hlíðar í Álftafirði er stækkað um 15 ha til norðurs.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsstofnun, 21. ágúst 2012.

Stefán Thors.

Hlynur Torfi Torfason.